

Ed.

1036. Nefndarálit

[468. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið til viðtals fulltrúa frá Sendibílum hf., Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, og Frama, félagi leigubílstjóra. Einnig mætti Baldur Möller á fundi nefndarinnar.

Nefndin er sammála um afgreiðslu málsins og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Í greinargerð fyrir lagafrumvarpi því sem hér er til umfjöllunar segir að frumvarpið sé borið fram til að taka af tvímæli um lagareglur sem fjalla um heimild til leiguaksturs á fólksbifreiðum. Við umfjöllun nefndarinnar um mál þetta hefur komið fram að stéttarfélag sendibifreiðastjóra og vörubifreiðastjóra hafa látið í ljós óskir um að samsvarandi breytingar og ráðgerðar eru í frumvarpinu um breytingu á lögum um leigubifreiðar, að því er varðar leigubifreiðar til fólksflutninga (1. gr. laganna), verði einnig gerðar á ákvæðum laganna um leiguakstur sendiferðabifreiða (3. gr. laganna) og vörubifreiða (5. gr. laganna). Í gildandi lögum eru samhljóða ákvæði um akstur leigubifreiða þessara þriggja starfsgreina og þykir eðlilegt að verða við þessum óskum um að ákvæðin verði áfram samhljóða. Því ber nefndin fram breytingartillögur til þess að ná fram þessari samsvörun. Það kom fram hjá fulltrúum stéttarfélaganna að þeim er ljós viss minni háttar skörun á verkefnum starfsgreinanna en telja það ekki valda ágreiningi.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1988.

Stefán Guðmundsson,
form., frsm.

Júlíus Sólnes,
fundaskr.

Björn Gíslason.

Egill Jónsson.

Skúli Alexandersson.

Valgerður Sverrisdóttir.